

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	3.4.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Friðgeir Björnsson	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik frá starfsleyfi en tvær athugasemdir voru gerðar við starfsemina, vegna umframmagns úrgangs í eldri flæðigryfjum fyrirtækisins og að rykmælingar í skautsmiðju mældust yfir starfsleyfismörkum en síubúnaður í skautsmiðju hefur nú verið lagfærður.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á eftirlitsfundi og að honum loknum farið í skoðunarferð um flæðigryfjur fyrirtækisins.

Á fundinum var farið yfir fyrirkomulag skráninga, vöktunar og aðgangsstýringu í nýju flæðigryfjunum. Vöktun og skráningar á losun í flæðigryfju Norðuráls eru til fyrirmynnar. Þeim úrgangi sem er ofgnótt í eldri flæðigryfjum verður komið fyrir smátt og smátt í nýju flæðigryfjanni.

Þá var farið yfir leyfismál olíuafgreiðslu innan lóðar.

Eldsneytisafgreiðslustöð inn á lóð Norðuráls hefur fengið starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Þrýstiprófanir og botnþykkktarmælingar voru gerðar árið 2009 þegar afgreiðslustöðin var tekin í notkun.

Farið var yfir niðurstöður mælinga úr ryksöfnurum öðrum en úr reykhréinsivirkjunum. Rykmælingar í ryksöfnurum voru gerðar á sl. summar, þ.e. í skautsmiðju, við efnisvinnslu (ACM) og við höfn. Niðurstöður rykmælinganna voru undir starfsleyfismörkum <50mg/Nm³ fyrir utan hreinsivirkri hvítt, vestur í skautsmiðju. Skipt var um alla síupoka í hreinsivirkini í kjölfarið. Ekki voru gerðar mælingar úr gjallhúsi og deigluverkstæði í ár.

Ný mæliáætlun hefur nú verið samþykkt og birt á heimsíðu stofnunarinnar.

Skráningar á reyksöfnunarferfi sýna að nægileg afköst <6000 Nm³/klst að jafnaði.

Greint er frá niðurstöðum mælinga í mæliáætlun í ársfjórðungsskýrslum. Síðustu ársfjórðungsskýrslur sýna að niðurstöður mælinga undir starfsleyfismörkum.

Mælingar á hljóðstigi eru fyrirhugaðar á þessu ári. Rætt var um verklag við að halda þekjum og kerjum í góðu standi en umgengni og frágangur kerja er hluti af bónuskerfi til starfsmanna. Með þessum úrbótum hafa góðar framfarir orðið á umgengni kerja á undanförnum árum.

Í skoðunarferðinni var ekið um nýju flæðigryfjurnar. Ný flæðigryfja hefur verið samþykkt og tekin í notkun. Svæði Norðuráls í gryfjunum er merkt með skiltum, sjónstíkum og baujum út í gryfjunni. Tveir mismunandi rampar liggja niður í gryfjuna, annar fyrir losun kerbrota og hinn fyrir losun síuryks og annars úrgangs.

Tvær tilkynningar vegna skerts afsogs þurrhreinsivirkis 1 bárust UST þann 7.janúar sl. og 11.mars sl. Í báðum tilvikum var um viðhaldsvinnu að ræða þar sem að skerðingin stóð yfir í um 2 klst í hvort sinn.

ATHUGASEMDIR

Enn eru eldri flæðigryfjurnar á Grundartanga yfirfullar af úrgangi svo skolun sjávar virkar ekki á hann sem skyldi. Búið er að samþykkja nýjar flæðigryfjur og verður efnið flutt smátt og smátt yfir í nýrri flæðigryfjurnar. UST óskar eftir tímasettri áætlun um flutning úrgangsins úr eldri flæðigryfunum yfir í nýju flæðigryfjurnar.

Töluvert magn af skautgöflum eru nú á lóð Stálsmiðjunnar sem sér um að saga álbita af göfflunum. Álið verður endurunnið í álverinu en skautgafflarnir fara í endurvinnslu GMR endurvinnslu. Meiri birgðir hafa safnast upp nú en vanalega og því um tímabundna geymslu að ræða. Búist er við að verkefnið klárist og í lok júlí og birgðirnar komnar í eðlilegt endurvinnsluferli.

Niðurstöður rykmælinga í skautsmiðju mældust 79 mg/Nm³ að meðaltali í hreinsivirkni hvítt, vestur í skautsmiðju. Brugðist var við þessu fráviki með því að skipt var um alla síupoka í hreinsivirknu í kjölfarið. Úrbótum vegna þessa atviks telst því lokið.

ANNAÐ

Boðað hafði verið til samráðsfundar og opins kynningarfundar þegar eftirlitið fór fram og voru þeir haldnir 9.apríl 2014.

Reykjavík, 03.06.2014


Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.